

NÁMT1NÁ03

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 14:07:32 GMT

Titill

Námstækni

Skammstöfun

NÁMT1NÁ03

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

námstækni

Viðfangsefni

Námstækni

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að nemendur verði læsir á styrkleika sína í námi og kunni að nýta þá. Nemendur eflist sem námsmenn og kynnist ýmsum þáttum sem hafa áhrif á frammistöðu og líðan í námi. Sérstök áhersla er lögð á að efla sjálfstæði nemenda í námi, áhugasvið og að hver nemandi finni eigin leiðir til að ná árangri í náminu og setji sér raunhæf markmið.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Árangursríkum aðferðum í námi
- Námsvenjum sínum og öðrum lífsvenjum sem geta haft áhrif á nám
- Gildi raunhæfrar markmiðasetningar
- Ýmissi stafrænni tækni sem hægt er að nýta í námi
- Styrkleika og þrautseigju almennt og sérstaklega í námi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Að skipuleggja tíma sinn
- Nýta lífsvenjur sem hafa jákvæð áhrif á árangur í námi
- Nota árangursríkar lestraraðferðir
- Nýta glósutækni
- Nota minni og einbeitingu
- Temja sér jákvætt hugarfar og líðan
- Setja sér markmið
- Viðhafa sjálfstæð vinnubrögð
- Taka ábyrgð á eigin námi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Beita þeim námstækniaðferðum sem eiga við í hverju tilfelli fyrir sig, s.s. meðferð og innihaldi texta og annarrar þekkingar
- Tjá sig með skýrum hætti um áhugasvið sitt og styrkleika
- Setja sér raunhæf markmið í námi
- Beita viðeigandi stafrænni tækni til hjálpar í námi
- Taka ábyrgð á eigin námi með því að nýta skipulag og tímastjórnun

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd